



Göngugrindur

Salsa

Notendaleiðbeiningar

Trönuhrauni 8
220 Hafnarfjörður
Sími 565 2885 / Fax 565 1423
stod@stod.is / www.stod.is

SALSA GÖNGUGRIND

SALSA er fjögurra hjóla göngugrind með snúningshjólum að framan, til notkunar inni sem úti. Þegar hæð grindarinnar er stillt, breytist sætishæðin samsvarandi. SALSA er auðvelt að leggja saman og taka í sundur. SALSA er prófuð og samþykkt fyrir 80 kg þungan notanda. Bremsurnar eru léttar í notkun og krefjast lítills vöðvastyrks. SALSA göngugrind er traust og örugg í notkun.




GÖNGUGRINDIN FELLD SAMAN/SUNDUR

SALSA er afhent í kassa. SALSA er auðveldlega tekin í sundur, hæðin og bremsurnar eru síðan stillar eftir þörfum.

Áður en SALSA er tekin í sundur, fylgið eftirfarandi leiðbeiningum til varnar því að klemma fingurnar.

Grindin felld sundur: Haldið í handfangið, ýtið lyftanlega sætinu beint niður. Rauða handfangið þarf að vera örugglega lokað áður en grindin er notuð.


Grindin felld saman: Ýtið niður á rauða handfangið og togið sætið upp á sama tíma.



HÆÐIN STILLT


SALSA er unnt að stilla í 65 - 80 cm hæð, sætishæðin er í lægstu stöðu 41 cm og hæst 56 cm. Hæðin stillist neðan á rammanum. Losa þarf svörtu skrúfurnar alveg og stilla öll fjögur hjólin. Eðlileg hæð miðast við að handfangið sé í sömu hæð og úlnliðurinn. Standið bein með hendurnar niður þegar hæðin er fundin.

Gangið úr skugga um að öll hjólin snerti gólfið. Ef göngugrindinn verður óstöðug seinna meir, athugið hvort allar skrúfurnar séu vel hertar.




STILLING Á BREMSUM

Þegar hæð á handfangi hefur verið stillt þarf einnig að stilla bremsurnar. Læsið bremsunum (kyrrstöðubremsuna á). Strekkið síðan á bremsubandinu með því að toga það beint niður. Prófið og stillið aftur ef þurfa þykir.



NOTKUN Á BREMSUM

Bremsurnar virka á tvo vegu. Með því að toga bremsuhandfangið upp að handfanginu bremsar það hjólið meðan haldið er. Með því að nota bremsurnar á þennan hátt stjórnar þú hraðanum. Ef beygja á til vinstri er vinstra hjólið léttilega bremsað. Á þann hátt beygir göngugrindin er rennur ekki áfram. Ef bremsuhandfanginu er ýtt niður læstist bremsan. Til þess að losa bremsuna þarf að toga bremsuhandfangið upp.



ÁBENDINGAR



Þegar göngugrindin er í notkun á rauða handfangið að vera í læstri stöðu. Þegar þungi er í körfunni þarf að sýna sérstaka varúð því eiginleikar grindarinnar geta breyst. Þetta á einkum við þegar farið er yfir þröskulda eða gangstéttarkanta.

- Mesta leyfilega þyngd í tösku er 5 kg.
- Kyrrstöðubremsan (bremsuhandfang niðri og læst) skal ávallt vera á þegar setið er á sætinu.
- Ekki má nota göngugrindina til að flytja börn eða fullorðna.
- Þegar göngugrindinn er flutt upp eða niður stiga skal hún vera lögð saman.
- Sýnið sérstaka varkárni þegar setið er á göngugrindinni og henni ýtt afturábak eða áfram með því að nota fæturna. Forðist að ýta ykkur yfir þröskulda eða mottur.
- Sýnið sérstaka varkárni þegar undirlagið er hallandi eða óslétt.

AUKAHLUTIR FYRIR SALSA GÖNGUGRIND

Hækjuhaldari: Í tveimur hlutum, annar er festur að neðan á bak við afturhjólið en hinn festur á þverslánnna þar sem grindin er felld saman.

Karfa: Auðvelt að taka af.



ENDING

Göngugrindin hefur verið prófuð í samræmi við EN ISO/DIS 11199-2.

Ending göngugrindarinnar miðað við eðlilega notkun er 5 ár samkvæmt ofangreindum staðli.

MEÐHÖNDLUN/VIÐHALD

Ramminn á göngugrindinni er með afrennsli svo auðvelt er að þrifa hana. Notið bílaþvottalög eða uppþvottalög. Hámarkshiti er 80°.

Þrisvar til fjórum sinnum á ári þarf að yfirfara skrúfur, bolta og rær, að það sé allt vel hert. Hafið samband við afhendingaraðila ef göngugrindin virkar ekki sem skyldi. Aldrei skal nota bilaða göngugrind. Til viðhalds og viðgerða skal nota varahluti frá ETAC. ETAC tekur ekki ábyrgð ef aðrir varahlutir eru notaðir.